





Leiðbeiningar fyrir RSA appið í IOS

Til þess að nota RSA appið þá byrjar þú á því að fara í App Store og leitar að „RSA SecurID Software token“, hleður því inn á símann þinn. Opnar síðan appið og samþykkir skilmálana.



Nú er komið að innskráningu í netbanka fyrirtækja – nú notar þú aðeins notandanafn og lykilorð. Þegar þú ert kominn inn þá ert þú beðinn um að ákveða hvaða tegund af RSA þú ætlar að nota, plastlykil eða appið (iOS eða Android). Hér velur þú „iOS lykill“.



Hér velur þú þér 4 tölustafa PIN númer. Þetta PIN númer notar þú þegar þú innskráir þig í netbanka fyrirtækja, á undan auðkenningarkóðanum sem appið birtir þér.

Tengja RSA-lykil við síma ✕

Velja þarf 4 tölustafa persónulegt innsláttarnúmer (PIN) fyrir RSA-appið. PIN númerið er notað á undan 6 tölustafa kóða sem birtist í RSA-appinu þegar þú innskráir þig í netbanka fyrirtækja.

4 tölustafa PIN Endurtaka PIN

Áfram >>

Nú skannar þú QR kóðann með RSA appinu þínu.



Tengja RSA-lykil við síma ✕

Tengdu RSA-lykilinn við símann þinn með því að taka mynd af QR-kóðanum hér að neðan með RSA-appinu í símanum þínum. Ef þú ert ekki með RSA-appið í símanum þínum þarft þú fyrst að sækja það.



Skrá út

Þegar appið hefur skannað inn QR kóðann koma upplýsingar um að það hafi gengið að setja inn RSA lykilinn, þú smellir á „OK“ og þá birtist auðkenningarkóðinn.



Nú skráir þig út úr netbanka fyrirtækja og inn aftur. Þú setur þú í „auðkennisnúmer“ 4 tölustafa PIN númerið sem þú valdir þér ásamt auðkenningarkóðanum sem birtist í appinu.